

# STARFSLEYFI

## Lýsi hf.

Lifrarbraeðsla, lýsisvinnsla, móttaka og geymsla lýsis

**Hafnarskeiði 28-30, fastanr. F2212330  
815 Þorlákshöfn**

kt. 440269 5089

Nafn og kt. rekstraraðila: **Lýsi hf., kt. 440269 5089**

Heimilisfang: **Fiskislóð 5-9, 101 Reykjavík**

**Utgáfudagur: 28. febrúar 2019**

**Gildir til: 28. febrúar 2031**

Starfsleyfi þetta er gefið út skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br., laga nr. 93/1995 um matvæli m.s.br., þegar um matvæli er að ræða og efnalaga nr. 61/2013 eftir því sem við á. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum skv. þeim sem um starfsemina kunna að gilda.

**Leyfið er einnig gefið út með neðangreindum starfsleyfisskilyrðum:**

**Fyrir Lýsi hf. vegna lifrarbraeðslu, lýsisvinnslu, móttöku og geymslu lýsis  
dags. 28. febrúar 2019**

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi, nema að nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn. Ef fyrirtækið hættir rekstri skal það tilkynnast með formlegum hætti til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og fellur starfsleyfið þá úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið skal hanga uppi á áberandi stað.


Starfsleyfið er gefið út til 12 ára en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda. Endurskoða skal jafnan starfsleyfi á fjögurra ára fresti.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld skv. gildandi gjaldskrá.

## Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Austurvegi 65, 800 Selfoss      kt. 480284 0549      Sími 480 8250

Selfossi, 28. febrúar 2019



**Sigrún Guðmundsdóttir**  
framkvæmdastjóri



# STARFSLEYFISSKILYRÐI

fyrir lifrarbræðslu, lýsisvinnslu, móttöku og geymslu lýsis

Lýsi hf.

**Hafnarskeiði 28-30  
815 Þorlákshöfn**

kt. 440269 – 5089

## 1. ALMENN ÁKVÆÐI, MARKMIÐ OG GILDISSVIÐ

- 1.1 Starfsleyfisskilyrði þessi gilda fyrir lifrarbræðslu, lýsisvinnslu, móttöku og geymslu lýsis á ofangreindri starfsstöð fyrirtækisins.
- Leyfilegt er að framleiða úr allt að 100 tonnum af hráefni á sólarhring.
- Ef starfsleyfishafi er með annan starfsleyfisskyldan rekstur samhliða ofangreindri starfsemi gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.
- 1.2 Starfsleyfisskilyrði þessi eru gefin út af Heilbrigðiseftirlit Suðurlands í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.
- Eintak af starfsleyfi og starfsleyfisskilyrðum skal ávallt vera tiltækt á vinnustað.
- 1.3 Starfsleyfishafi ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis síns og er skylt að fara eftir þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda á hverjum tíma og eftir því sem nánar er fyrir mælt í starfsleyfisskilyrðum þessum.
- 1.4 Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur eftirlit með ofangreindri starfsemi starfsleyfishafa samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.
- 1.5 Markmið starfsleyfisskilyrða þessara er að koma í veg fyrir mengun og stuðla að hollstu og hreinu umhverfi.
- 1.6 Starfsleyfi skal endurskoða að jafnaði á fjölgurra ára fresti. Jafnframt er útgefanda starfsleyfis heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra



forsendna, t.a.m. ef í ljós kemur að mengun af völdum starfseminnar er meiri eða önnur en búast mátti við þegar leyfið var gefið út, ef breyting verður á rekstri fyrirtækisins, ef breytingar verða á bestu aðgengilegu tækni (BAT) sem leiða til betri mengunarvarna eða ef nýjar reglur um mengunarvarnir taka gildi.

Með mengun er átt við það þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og/eða skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis.

- 1.7 Starfsleyfishafí skal veita Heilbrigðiseftirliti Suðurlands upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfseminni með góðum fyrirvara áður en í þær er ráðist. Sé um að ræða meiriháttar breytingu á rekstrinum eða breytingu sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, ber starfsleyfishafa að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.8 Starfsleyfið ásamt starfsleyfisskilyrðum fellur úr gildi ef starfsemin skiptir um eigendur eða húsnæði. Tilkynna skal heilbrigðiseftirliti ef starfsemin er lögð niður eða eigendaskipti verða.
- 1.9 Starfsleyfishafa er skylt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja mengun þegar rekstur er stöðvaður tímabundið og koma athafnasvæði fyrirtækisins í viðunandi horf, að mati heilbrigðiseftirlits, þegar rekstur er endanlega stöðvaður og starfsemin lögð niður.
- 1.10 Almenningur á rétt á upplýsingum um starfsleyfisumsókn og starfsleyfi í samræmi við ákvæði IV. viðauka reglugerðar nr. 550/2018. Eftirlitsaðili birtir þær upplýsingar sem og niðurstöður eftirlits opinberlega á vefsíðu sinni eða með öðrum aðgengilegum hætti.
- 1.11 Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1988 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

## **2. FERSKLEIKI OG MEÐFERÐ HRÁEFNIS TIL VINNSLU**

- 2.1 Allt hráefni til vinnslu skal vera ferskt og koma til fyrirtækisins ísað í heilum körum eða ílátum með tryggri yfirbreiðslu. Flutningstæki sem notuð eru til flutnings á hráefni til fyrirtækisins skulu vera vökvaheld og yfirbyggð.
- 2.2 Ferskleiki hráefnis skal metin daglega með skynmati og niðurstöður þess skráðar í innra eftirlit fyrirtækisins. Hráefni skal tekið til vinnslu svo fljótt sem auðið er og að jafnaði unnið innan fjögurra daga frá móttöku þess.
- 2.3 Allt hráefni skal geymt í kældu rými og skal stærð rýmisins taka mið af umfangi starfseminnar. Hitastig í hráefnisgeymslu skal ekki fara yfir 4°C og skal skrá hitastig hráefnis daglega í innra eftirlit fyrirtækisins.
- 2.4 Hráefnisgeymslur skulu vera þéttar og skal allur vöki frá hráefni fara um fitugildru áður en honum er veitt í fráveitu.
- 2.5 Óheimilt er að geyma hráefni sem ætlað er til vinnslu, endurvinnslu eða endurnýtingu utandyra.



- 2.6 Hráefni sem skv. skynmati er metið óhæft til vinnslu skal meðhöndlað í samræmi við gr. 4.9 – 4.13.

### 3. UMHVERFI

- 3.1 Við reksturinn skal leitast við að draga úr á lagi á umhverfið. Starfsleyfishafi skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim og skipuleggja orku- og efnanotkun á sem vistvænastan hátt.
- 3.2 Starfsleyfishafi getur valið að vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi, kjósi hann það. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ISO 14001, eða þátttöku í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS).
- 3.3 Starfsleyfishafa er skylt að sjá um að á umráðasvæði fyrirtækisins sé gætt fyllsta hreinlætis og halda skal húsnaði og lóð snyrtilegu. Allar vélar og tæki, hráefni og annað það er starfseminni tilheyrir, þ.m.t. sorpgeymslur, skal vistað innan lóðar fyrirtækisins og þannig frá því gengið að ekki valdi óþrifum eða óþægindum fyrir umhverfið eða nágranna og eftir atvikum takmarka aðgengi og/eða byrgja innsýn á svæðið, t.d. með skjólgirðingu, jarðvegs- eða gróðurmön. Komið skal í veg fyrir að úrgangur og/eða annað sem ekki tilheyrir starfseminni safnist fyrir á lóð fyrirtækisins.

### 4. MENGUNARVARNIR

- 4.1 Starfsleyfishafi skal eins og kostur er fyrirbyggja eða draga úr mengun lofts, láðs og/eða lagar sem kann að stafa frá starfsemi fyrirtækisins með viðeigandi aðferðum og mengunarvarnarbúnaði. Starfsleyfishafi skal beita samþættum mengunarvörnum þar sem það á við, svo að ráðstafanir til að draga úr tiltekinni mengun í einum viðtaka valdi ekki eða auki mengun í öðrum. Beita skal bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir í þeim tilvikum sem hún hefur verið skilgreind.
- 4.2 Starfsleyfishafi skal setja sér reglur um viðbrögð við mengunaróhöppum. Ísogsbúnað eða ísogsefni skal hafa til taks og nota við hreinsun vegna minniháttar leka eða óhappa. Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna, hvort sem er í loft, jarðveg, yfirborðsvatn, grunnvatn eða fráveitu, skal tafarlaust grípa til viðeigandi aðgerða skv. viðbragðsáætlun til þess að fyrirbyggja frekari mengun og/eða slys og takmarka mögulegan skaða með hreinsun. Tilkynna skal eftirlitsaðila um slík atvik svo fljótt sem auðið er. Ef um er að ræða stærra mengunarslys sem starfsmenn ráða ekki við eða hættu á bráðamengun skal gera slökkviliði og öðrum viðbragðsaðilum viðvart um neyðarsíma 112.
- 4.3 Starfsfólk skal hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustaðnum. Öryggisblöð vegna hættulegra efna skulu vera á íslensku.
- 4.4 Eftir því sem við á skal athafnasvæði fyrirtækisins eða hlutar þess lagt vökvaheldu yfirborði með niðurföllum tengdum við viðeigandi mengunarvarnarbúnað, sbr. gr. 4.23 og 4.24.



- 4.5 Starfsleyfishafi skal ávallt leitast við að velja sem minnst mengandi aðferð til allra þrifa, t.a.m. með notkun umhverfisvottaðra hreinsiefna. Þvottur véla- og vélarhluta skal fara fram á svæði með frárennslí tengt við olíuskilju.
- 4.6 Lýsisgeymar skulu vera í lekaheldri þró með viðurkenndum lokunarbúnaði. Rúmtak lekavarnar skal vera meira en sem nemur 90% af rýmd stærsta geymisins innan hennar að viðbættri rýmd annarra geyma í hæð lekavarnar.
- 4.7 Losun lýsis eða grútar í hafið er óheimil á innsævi. Við vinnslu og dælingu í eða úr skipum skal starfsleyfishafi sjá um að ekki verði mengun í hafi eða á ströndum vegna losunar á lýsi eða grút. Greiður aðgangur skal vera að olíuflotgirðingu til að hefta útbreiðslu lýsis eða grútar ef slíkt fer í sjó.
- 4.8 Mengunarvaldur er ábyrgur fyrir bráðamengunartjóni þótt tjónið verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi hans eða starfsmanns hans. Starfsleyfishafi skal taka ábyrgðartryggingu, eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands metur gilda, að upphæð allt að 1 milljón SDR, sbr. ákvæði 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

## Úrgangur

- 4.9 Við meðferð úrgangs skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs m.s.br., reglugerðar nr. 1078/2015 um endurnýtingu úrgangs og reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni eftir því sem við á. Stefnt skal að fullnýtingu hráefna og með hreinni framleiðslutækni skal stuðla að endurnýtingu og endurvinnslu úrgangs eins og kostur er.
- 4.10 Úrgang skal flokka eftir því sem tök eru á til endurvinnslu eða endurnýtingar. Á sorpgánum og ílátum fyrir flokkaðan úrgang skulu vera skýrar merkingar um hvaða úrgangur má fara í viðkomandi gám eða ílát. Úrgang sem flokkast sem spilliefni, sbr. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, skal geyma í aðskildum ílátum og merkja sérstaklega. Hvorki má blanda úrgangi sem flokkast sem spilliefni við annan úrgang né blanda saman mismunandi tegundum úrgangs sem flokkast sem spilliefni.
- 4.11 Um meðferð og geymslu olíuúrgangs fer skv. reglugerð nr. 809/1999 um olíuúrgang, m.s.br. Olíuúrgang skal geyma á viðeigandi hátt og skila til viðurkenndrar söfnunar- eða móttökustöðvar. Óheimilt er að losa olíuúrgang í yfirborðsvatn, grunnvatn, sjó, jarðveg eða fráveitu. Jafnframt er óheimilt að blanda olíuúrgangi saman við annan úrgang.
- 4.12 Sorpgámar og önnur ílát fyrir úrgang skulu vera heil og henta fyrir þann úrgang sem í þau fer og vera, eftir því sem við á, vökvaheld, lokanleg og þétt. Hindra skal aðgang meindýra, vargfugls og annarra dýra að úrgangsgeymslum.
- 4.13 Ílát fyrir fiskúrgang, hvort sem hann er ætlaður til frekari vinnslu annars staðar eða fluttur til förgunar, skulu merkt með áberandi hætti í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis.
- 4.14 Öll söfnun, urðun, brennsla eða önnur meðferð úrgangs á athafnasvæði fyrirtækisins er óheimil. Úrgang skal flytja reglulega til endurvinnslu eða förgunar hjá viðurkenndum móttökuaðilum sem hafa til þess tilskilin starfsleyfi. Þegar úrgangi sem flokkast sem spilliefni er skilað til



flutningsaðila eða móttökustöðvar, skal sá sem skilar úrganginum fá afhenta kvittun fyrir skilunum þar sem fram kemur nafn beggja aðila, magn og gerð spilliefnanna ásamt dagsetningu skilanna. Sama á við þegar um er að ræða úrgang sem fellur undir reglugerð nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis.

#### **Meðferð hættulegra efna, þ.m.t. spilliefna**

- 4.15 Starfsleyfishafi skal eins og kostur er draga úr notkun hættulegra efna og myndun spilliefna, m.a. með notkun umhverfisvottaðra staðgengilsefna, endurnýtingu eða endurhæfingu efna.
- 4.16 Geyma skal öll efni og efnasambönd í upprunalegum umbúðum sem skulu merktar með viðeigandi varnaðarmerkjum og hættu- og varnaðarsetningum, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.
- 4.17 Hættuleg efni og efnasambönd skulu meðhöndlud af sérstakri varúð og þess vandlega gætt að þau hvorki berist í andrúmsloft, jarðveg, yfirborðsvatn né grunnvatn eða geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.
- 4.18 Um meðferð og geymslu olíu og frágang olíugeyma, gasgeyma og álika búnaðar fer samkvæmt reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Olíugeymir skal vera með árekstursvörn og staðsettur á afmörkuðu olíuheldu plani með frárennsli tengt við olíuskilju. Heilbrigðiseftirlit getur, ef aðstæður leyfa, samþykkt annan búnað sem uppfyllir markmið um ásættanlegar mengunarvarnir.

Olíugeymir skal búinn yfirfyllingarviðvrun eða yfirfyllingarvörn. Jafnframt skal hann, eftir því sem við á, útbúinn afgreiðslubyssu með útsláttarbúnaði sem lokar fyrir rennsli áður en yfirfylling á sér stað.

Mengist jarðvegur af olíu vegna starfseminnar er starfsleyfishafi ábyrgur fyrir því að jarðvegurinn sé meðhöndlaður í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar (áður Hollustuverndar ríkisins) nr. 8 frá 1998 um meðferð á olíumenguðum jarðvegi.

- 4.19 Um eftirlit með kælibúnaði og meðferð kælimiðla á kælibúnað fer skv. reglugerðum nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins og nr. 834/2010 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir. Aðili sem annast viðhald og eftirlit með kæli- og frystibúnaði fyrirtækisins skal hafa til þess tilskilin leyfi, sbr. ákvæði ofangreindra reglugerða í samræmi við efnalög nr. 61/2013.

#### **Hávaði**

- 4.20 Takmarka skal hávaða frá starfseminni eins og kostur er og þess gætt að hann valdi ekki ónæði eða óþægindum í nærliggjandi umhverfi. Hávaði við lóðarmörk skal ekki fara yfir tilgreind viðmiðunarmörk fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi, sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

#### **Loft- og lyktarmengun**

- 4.21 Koma skal í veg fyrir eða draga úr loftmengun frá athafnasvæði fyrirtækisins eftir því sem kostur er og þess gætt að ryk, reykur og/eða skaðlegar lofttegundir valdi hvorki óþægindum né hættu í



nærliggjandi umhverfi. Þar sem nauðsyn er á loftræstingu út úr vegg skal ávallt sjá til þess að veggur og nærumhverfi haldist hreint.

- 4.22 Koma skal í veg fyrir eða draga eins og kostur er úr lyktarmengun frá starfseminni með því að vinna ferskt hráefni og, eftir atvikum, með búnaði sem eyðir lykt úr útblæstri og tryggir með þrýstingsstýringu að allt loft frá vinnslusvæðum fari í lofhreinsikerfi.

#### Fráveita

- 4.23 Fráveita skal vera í samræmi kröfur reglugerðar um fráveitur og skólp. Um fyrirkomulag og staðsetningu hreinsivirkja frárennslis skal fara samkvæmt fyrirmælum bygginganeftndar og heilbrigðiseftirlits.
- 4.24 Fráveitulagnir frá hráefnisgeymslum, vinnusvæðum og plönum þar sem ætla má að lífrænn úrgangur falli til, skulu útbúnar með ristum/körfum í niðurföllum til að fanga fastan úrgang og fituskilju, olíuskilju, sandskilju og/eða öðrum hreinsibúnaði eftir því sem við á.
- 4.25 Ristar og köfur í niðurföllum skulu hreinsaðar daglega en olíu-, fitu- og sandskiljur skal hreinsa með reglubundnum hætti af aðilum sem hafa til þess starfsleyfi. Úrgang úr ristum og skiljum skal flytja til förgunar eða meðhöndlunar á móttökustað sem hefur til þess starfsleyfi.
- 4.26 Fara skal að fyrirmælum framleiðanda fituskilju hvað varðar hámarkshitastig frárennslis sem renna má um skiljuna þannig að virkni hennar skerðist ekki.

### 5. EFTIRLIT, SKRÁNINGAR OG TILKYNNINGASKYLDAR

- 5.1 Starfsleyfishafí skal koma á innra eftirliti og skráningum í samræmi við reglugerðir, umhverfisstefnu og gæðamarkmið fyrirtækisins. M.a. skal halda skrá yfir og geyma upplýsingar og athugasemdir starfsmanna og eftirlitsaðila um;
- Fyrirkomulag og staðsetningu mengunarvarna fyrirtækisins og atvik er varða mengun og mengunarvarnir, s.s.:
    - eftirlit, hreinsun, viðhald, bilanir og viðgerðir á mengunarvarnarbúnaði og önnur frávik eða slys tengd honum,
    - mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim,
    - dagsetning tæmingar og magn efnis úr olíu- og fituskiljum ásamt staðfestingu flutningsaðila eða móttökustöðvar,
    - niðurstöður reglulegra mælinga sem framkvæmdar eru vegna mengunarvarna, s.s. vegna útblásturs og fráveitu.
  - Magn og ástand hráefnis sem er í vinnslu hverju sinni, þ.m.t. niðurstöður skynmats og hitastig.
  - Fjölða kælitækja, tegund og magn kælimiðils, dagsetning áfyllingar, rýrnun, viðbrögð við mengunaróhöppum við kælitæki, eftirlit, viðhald og viðgerðir.



- d. Öryggisupplýsingar og leiðbeiningar um meðferð og notkun efna sem notuð eru á vinnustaðnum.
- e. Magn og tegund spilliefna og hættulegra efna sem skilað hefur verið til móttökustöðvar eða flutningsaðila og förgunar í samræmi við reglugerð um spilliefni nr. 810/1999.
- f. Magn og tegund úrgangs sem fluttur hefur verið til vinnslu, urðunar eða eyðingar á móttökustöð í samræmi við reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs m.s.br. og reglugerð nr. 1078/2015 um endurnýtingu úrgangs.

Ofangreindar upplýsingar skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er.

- 5.2 Tilkynna skal eftirlitsaðila um öll meiriháttar frávik varðandi mengun ásamt öðrum þáttum er geta varðað umhverfis- og almannaheill.

## **6. ÝMIS ÁKVÆÐI, GILDISTAKA OG GJALDSKYLDΑ**

- 6.1 Starfsleyfi þetta er veitt til 12 ára í samræmi við 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og ákvæði reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit og öðlast gildi við birtingu.
- 6.2 Starfsleyfishafi greiðir árlegt eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Suðurlands eins og hún er hverju sinni.

Selfossi 28. febrúar 2019,

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

*Stella Hrönn*  
Stella Hrönn Jóhannsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi



## Fylgiskjal 1

Greinargerð vegna auglýsingar á starfsleyfistillögu og útgáfu starfsleyfis fyrir

### Lýsi hf.

kt. 440269 5089

Hafnarskeiði 28-30,  
815 Þorlákshöfn

vegna lifrarbræðslu, lýsisvinnslu, móttöku og geymslu lýsis  
í ofangreindri starfstöð fyrirtækisins.

#### 1. Aðdragandi að auglýsingu starfsleyfistillögu

Heilbrigðisnefnd Suðurlands barst þann 15. janúar sl. umsókn Snorra M. Egilssonar, f.h. Lýsis hf., kt. 440269 5089, um starfsleyfi fyrir lifrarbræðslu, lýsisvinnslu, móttöku og geymslu lýsis að Hafnarskeiði 28-30, 815 Þorlákshöfn. Þann 23. janúar sl. bárust síðan viðbótarupplýsingar sem óskað var eftir í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Um er að ræða endurnýjun á starfsleyfi innan sömu lóðar og fyrir sömu starfsemi og áður, með þeiri undantekningu að þurrkun lifrarmjöls hefur verið hætt og óskað var eftir að hámark leyfilegrar vinnslu hráefnis á sólarhring yrði aukið úr 70 tonnum í 100 tonn. Meðalvinnsla verður þó áfram um 20 tonn á sólarhring eins og verið hefur.

Móttaka umsóknar auglýst á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, [www.hsl.is](http://www.hsl.is), þann 14. janúar sl. Í framhaldinu var unnin tillaga að starfsleyfi í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, þar sem fram koma ákvæði um m.a. lágmörkun álags á umhverfi, orku- og efnanotkun, meðferð úrgangs, mengunarvarnir og rekstur og viðhald viðeigandi mengunarvarnarbúnaðar, tilkynningaskyldu vegna óhappa og/eða slysa, innra eftirlit og skráningar.

#### 2. Umsögn skipulags- og byggingafulltrúa

Skv. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal nýr atvinnurekstur vera í samræmi við gildandi deiliskipulag. Deiliskipulag þarf þó ekki að vera til staðar vegna atvinnurekstrar enda samrýmist starfsemin gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun og byggðaþróun og sé í samræmi við samþykkta notkun fasteignar. Skal útgefandi starfsleyfis leita umsagnar viðkomandi skipulagsfulltrúa og byggingafulltrúa um þessa þætti.

Þar sem um endurnýjun á áður útgefnu starfsleyfi er að ræða vegna sömu staðsetningar og engar breytingar hafa orðið á starfsemi fyrirtækisins aðrar en þær að mjölvinnslu hefur verið

hætt, var ekki leitað umsagnar skipulags- og byggingafulltrúa um ofangreinda þætti. Skipulags- og byggingafulltrúa sem og sveitarstjórn var hins vegar gefin kostur á að koma að athugasemendum á almennum auglýsingatíma starfsleyfisins.

### **3. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu**

Skv. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögur að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis þær eru og hvor megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Í samræmi við ofangreint ákvað Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, í umboði heilbrigðisnefndar Suðurlands, að auglýsa tillögu að starfsleyfi fyrir lifrarbræðslu, lýsisvinnslu, móttöku og geymslu lýsis á vegum Lysis hf. að Hafnarskeiði 28-30 í Þorlákshöfn á heimasíðu sinni. Auglýsingin var birt þann 25. janúar sl. og var frestur til að gera athugasemdir auglýstur fjórar vikur frá birtingu auglýsingarinnar. Rann fresturinn út þann 22. febrúar sl.

### **4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma**

Á auglýsingartíma ofangreinds starfsleyfis bárust athugasemdir frá skipulags-, byggingar og umhverfisnefnd Sveitarfélagsins Ölfuss.

Í athugasemdunum áréttar nefndin að skv. aðal- og deiliskipulagi sem er í vinnslu sé lyktarmengandi starfsemi víkjandi á svæðinu, og því mælt með að umsótt starfsleyfi verði gefið út til eins árs en ekki 12 ára eins og auglýst var, á meðan starfsemin er skoðuð og athugað hvort inn komi athugasemdir um lyktarmengun. Þá er gerð krafa um að í starfsleyfinu komi fram að notaður sé besti búnaður til að varna því að lyktarmengun komi frá lifrarbræðslunni, að fituskilja sé það góð að fituköggjar berist ekki út í fráveitulögnina og setjist í hana eða safnist upp í dælustöðinni og að þess sé gætt að hitastig á fráveituvatninu fari ekki upp fyrir það hitastig sem reglugerð um hitastig á fráveituvatni segir til um.

**Viðbrögð heilbrigðisnefndar:**

#### **a. Um útgáfu starfsleyfis til eins árs en ekki 12 ára eins og auglýst hefur verið.**

Heilbrigðisnefnd Suðurlands er fylgjandi þeirri stefnu Sveitarfélagsins Ölfuss um að flytja lyktarmengandi starfsemi út fyrir þéttbýli Þorlákshafnar. Það er hins vegar ekki á færi nefndarinnar að útfæra þá stefnu nánar, heldur bæjarstjórnar og viðkomandi fyrirtækis. Eins og er, er skipulagsleg staða svæðisins og samþykkt notkun húsnæðisins þar sem starfsemi lifrarbræðslu Lysis hf. fer fram, óbreytt frá því þegar starfsleyfi voru gefin út.

Nú útrunnið starfsleyfi Lysis hf. vegna lifrarbræðslu í Þorlákshöfn var gefið út þann 23. janúar 2007 með 12 ára gildistíma. Frá útgáfu starfsleyfisins til dagsins í dag hefur Heilbrigðiseftirliti Suðurlands borist alls 8 kvartanir vegna lyktar sem rakinn var beint til starfseminnar, sú síðasta barst í október 2015. Síðan þá hefur vinnslu lifrarmjöls verið hætt, en sú vinnsla var aðaluppsprettu þeirrar lyktar sem kvartað var undan.

Í auglýstum starfsleyfisskilyrðum fjölmörg ákvæði sem miða að því að draga eins og kostur er úr lyktarmengun frá fyrirtækinu. Má þar nefna kröfur um að fyrirtækið beiti bestu

aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir í þeim tilvikum þar sem hún hefur verið skilgreind, auk krafna um ferskleika og meðferð hráefnis til vinnslu sem hvergi er að finna í starfsleyfum annarra sambærilegra fyrirtækja á landsvísu en byggja á skilgreindum viðmiðunum um það hvernig koma eigi í veg fyrir lyktarmengun frá starfsemi með fisk.

Þá er einnig í auglýstum starfsleyfisskilyrðum fyrir lifrarbræðslu Lysis hf. að finna ákvæði um heimild til endurskoðunar og breytinga á starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, t.a.m. ef í ljós kemur að mengun af völdum starfseminnar er meiri eða önnur en búast mátti við þegar leyfið var gefið út, ef breyting verður á rekstri fyrirtækisins, ef breytingar verða á bestu aðgengilegu tækni (BAT) sem leiða til betri mengunarvarna eða ef nýjar reglur um mengunarvarnir taka gildi.

Áður hefur verið fjallað um styttingu gildistíma starfsleyfa fyrirtækja á vegum Lysis hf. í Þorlákshöfn. Má þar nefna úrskurð umhverfisráðuneytisins dags. 8. apríl 2009, þar sem m.a. var fjallað um ákvörðun um gildistíma starfsleyfis fyrir heitloftsþurrkun Lysis hf. að Unubakka í Þorlákshöfn. Var þar kærð sú ákvörðun heilbrigðisnefndar að veita fyrirtækinu starfsleyfi til 12 ára á grundvelli ákvörðunar Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða um samræmdan 12 ára gildistíma starfsleyfa, þrátt fyrir ítrekaðar kvartanir og mikla lyktarmengun vegna starfseminnar. Farið var fram á að gildistími starfsleyfisins yrði styttr niður í 4 ár. Í úrskurðinum kom fram það mat ráðuneytisins að heimild til endurskoðunar skv. nú brottfallinni reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, tryggði ekki eins vandað ferli og þegar um endurnýjun starfsleyfis væri að ræða. Niðurstaða ráðuneytisins var hins vegar, í ljósi meðalhófsreglu stjórnsýslulaga og þeirri kröfu sem í henni felst um að ákvörðun sem er íþyngjandi megi ekki teljast ósanngjörn með tilliti til þeirra hagsmuna sem ber að vernda eða úr hlutfalli við þau lögmætu markmið sem stefnt skal að, að hæfilegt væri að stytta gildistíma starfsleyfis Lysis hf. vegna heitloftsþurrkunar fiskafurða úr 12 árum í 8 ár, þrátt fyrir mikinn fjölda kvartana og að mengunarvarnir fyrirtækisins voru ekki fullbúnar á þeim tíma.

Með gildistöku reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit var ofangreindu heimildarákvæði um endurskoðun breytt þannig að útgefanda starfsleyfis er heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn og ef breyting á starfsleyfi leiðir af sér breytingar á starfsleyfisskilyrðum þá skuli auglýsa þær breytingar í að lágmarki 4 vikur. Jafnframt skal útgefandi starfsleyfis hafa aðgengilegar á vefsíði sínu upplýsingar um umsóknir um breytingu á starfsleyfi, starfsleyfi í endurskoðun, útgáfu starfsleyfa, ákvarðanir um þörf á endurskoðun starfsleyfa, endurskoðuð starfsleyfi, breytt starfsleyfi, kærheimildir, skráningar og aðrar viðeigandi upplýsingar varðandi starfsleyfi. Með þessum ráðstöfunum er tryggt að málsmeðferð við endurskoðun og breytingar á starfsleyfum og starfsleyfisskilyrðum er jafn vandað ferli og við útgáfu nýrra og endurnýjaðra eða endurskoðaðra starfsleyfa.

Í ljósi þess að fáar kvartanir yfir lyktarmengun frá fyrirtækinu hafa borist Heilbrigðiseftirliti Suðurlands á gildistíma nú útrunnins starfsleyfis fyrirtækisins, með í vísun í meðalhófsreglu stjórnsýslulaga og þeirrar kröfu hennar um að íþyngjandi ákvörðun megi ekki teljast ósanngjörn og með tilliti til þess að frá byrjun árs 2007 hafa starfsleyfi heilbrigðisnefndar almennt verið gefin út til 12 ára í senn, telur Heilbrigðisnefnd Suðurlands að ekki séu fyrir hendi gild rök til þess að takmarka gildistíma starfsleyfis lifrarbræðslu Lysis hf. í Þorlákshöfn við eitt ár í stað 12 ára á meðan athugað er hvort kvartanir um lyktarmengun berist vegna

starfseminnar. Þá er jafnframt vert að nefna að heilbrigðisnefnd hefur heimildir til að beita rekstraraðila þvingunarúrræðum skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sem að lokum geta leitt til afturköllunar starfsleyfis, sinni hann ekki kröfum um úrbætur vegna alvarlegra frávika frá ákvæðum starfsleyfis.

**b. Krafa um ákvæði í starfsleyfisskilyrðum um að notaður sé besti búnaður til að varna því að lykt komi frá lifrarbræðslunni.**

Í auglýstum starfsleyfisskilyrðum eru nú þegar ákvæði um að starfsleyfishafi skuli beita bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir í þeim tilvikum sem hún hefur verið skilgreind. Í BAT niðurstöðum fyrir starfsemi þar sem vænta má lyktar, eru ákveðin atriði sem fara skal eftir til að koma í veg fyrir að lykt myndist. Þessi atriði eru grunnurinn að ákvæðum 2. kafla í starfsleyfisskilyrðum Lysis hf. vegna lifrarbræðslunnar, þar sem kveðið er á um ferskleika og meðferð þess hráefnis sem tekið er til vinnslu. Þá fer bræðsla lýsis fram í lokuðu ferli en losun frá skilvindum er í formi vatnsgufu. Með því að tryggja ferskleika hráefnis og góða umgengni um hráefnisgeymslur og vinnslusvæði á að vera hægt að tryggja að lyktarmengun frá starfseminni sé haldið í lágmarki.

Í ljósi ofangreinds telur Heilbrigðisnefnd Suðurlands að þegar séu í starfsleyfisskilyrðum fullnægjandi ákvæði hvað varðar mengunarvarnir vegna mögulegrar lyktarmengunar frá starfsemi fyrirtækisins.

**c. Krafa um ákvæði í starfsleyfisskilyrðum um að fituskilja sé það góð að fituköggjar berist ekki út í fráveitulögnina og setjist í hana eða safnist upp í dælustöðinni.**

Í auglýstum starfsleyfiskilyrðum eru ákvæði um að athafnasvæði fyrirtækisins eða hlutar þess skuli lagt vökvaheldu yfirborði með niðurföllum tengdum við viðeigandi mengunarvarnarbúnað, þ.e. eftir atvikum, olíu-, fitu- og/eða sandskiljum. Sama á við um fráveitulagnir frá hráefnisgeymslum, vinnusvæðum og plönum þar sem ætla má að lífrænn úrgangur falli til, en þar skal að auki hafa körfur eða ristar til að grípa fastan lífrænan úrgang svo hann komist ekki í fráveitulagnir og valdi truflun í rekstri fráveitukerfi sveitarfélagsins. Rekstraraðili ber síðan ábyrgð á því að sá mengunarvarnarbúnaður sem hann notar sé hannaðar með þeim hætti að hann ráði við það álag sem hann er útsettur fyrir.

Í ljósi ofangreinds telur Heilbrigðisnefnd Suðurlands að þegar séu í starfsleyfisskilyrðum fullnægjandi ákvæði hvað varðar mengunarvarnir á fráveitu fyrirtækisins.

**d. Krafa um ákvæði í starfsleyfisskilyrðum um að þess sé gætt að hitastig á fráveituvatninu fari ekki upp fyrir það hitastig sem reglugerð um hitastig á fráveituvatni segir til um.**

Ekki er kveðið á um hámarkshitastig frárennslis sem leitt er í fráveitu í lögum eða reglugerðum um fráveitur og skólp. Hins vegar má sjá í nýlegum samþykktum sveitarfélaga að settar eru takmarkanir á það hversu heitt frárennslí má leiða í fráveitu sveitarfélags eða beint í viðtaka.

Færa má rök fyrir því að tempra skuli hita frárennslis sem rennur um fituskiljur, þar sem mjög hár hiti getur dregið virkni þeirra þannig að fita gæti komist í fráveitukerfi í óaðskiljanlegu formi, þ.e. sem vökvabeyta, auk þess sem of heitt frárennslí getur haft neikvæð áhrif á lífíki í

viðkvæmum viðtaka. Viðtaki fráveitu frá Þorlákshöfn er ekki skilgreindur sem viðkvæmur viðtaki og ekki talin hætta á neikvæðum áhrifum á lífríki viðtakans þar sem frárennsli frá lifrarbræðslu Lýsis hf. kólnar við að blandast öðru frárennsli í fráveitukerfi sveitarfélagsins áður en því er veitt í viðtaka. Þrátt fyrir það, hefur ákvæði um að fara skuli að fyrirmælum framleiðanda fituskilju um hámarkshitastig frárennslis sem leiða má um skiljuna til að skerða ekki virkni hennar verið bætt í starfsleyfisskilyrði fyrirtækisins, til að tryggja sem best virkni mengunarvarna fyrirtækisins. Sjá nánar yfirlit yfir breytingar á tillögu að starfsleyfi í kafla 5.

## 5. Breytingar á tillögu að starfsleyfi

Eftirfarandi breytingar voru gerðar á auglýstum starfsleyfisskilyrðum eftir að auglýsingatíma lauk:

1. Í 1. kafla um almenn ákvæði, markmið og gildissvið voru gerðar eftirfarandi breytingar:
  - a. Orðalagi í gr. 1.6 um heimild útgefanda starfsleyfis til að endurskoða starfsleyfi var breytt til samræmis við orðalag 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit og skerpt á því að útgefanda starfsleyfis er heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna.
  - b. Nýrri grein var bætt við, gr. 1.10. Hún fjallar annars vegar um rétt almennings til þátttöku við ákvarðanatöku vegna starfsleyfisumsóknar og útgáfu starfsleyfis, sbr. ákvæði IV. viðauka reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, og hins vegar opinbera birtingu niðurstaðna úr eftirliti, sbr. 6. mgr. 57. gr. sömu reglugerðar.
  - c. Grein sem í auglýstum starfsleyfisskilyrðum var gr. 1.10 varð að gr. 1.11.
2. Í 2. kafla um ferskleika og meðferð hráefnis til vinnslu er í gr. 2.6. leiðrétt tilvísun í aðrar greinar í starfsleyfisskilyrðunum.
3. Í 4. kafla um mengunarvarnir voru gerðar eftirfarandi breytingar:
  - a. Í gr. 4.4 var leiðrétt vísun í aðrar greinar í starfsleyfisskilyrðunum.
  - b. Grein sem í auglýstum starfsleyfisskilyrðum var gr. 4.6 var færð og varð gr. 4.5.
  - c. Grein sem í auglýstum starfsleyfisskilyrðum var gr. 4.5 var færð og varð að grein 4.6. Greinin var einnig leiðrétt til samræmis við ákvæði 8. gr. reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Þá var síðasti málslíður greinarinnar færður í nýja grein, gr. 4.7.
  - d. Nýrri grein var bætt við, gr. 4.7, þar sem kveðið er á um að losun lýsis eða grútar í hafið sé óheimil, sbr. 8. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, og að greiður aðgangur skuli vera að olíuflotgirðingu til að hefta útbreiðslu lýsis eða grútar ef slíkt færi í sjó.

- e. Nýrri grein var bætt við, gr. 4.8, þar sem kveðið er á um ábyrgð mengunarvalds á bráðamengunartjóni og skyldu starfsleyfishafa til að taka ábyrgðartryggingu fyrir bráðamengunartjóni, sbr. ákvæði 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda og a-lið viðauka I. með sömu lögum.
- f. Nýrri grein var bætt við, gr. 4.26, þar sem kveðið er á um að fara skuli að fyrirmælum framleiðanda fituskilju hvað varðar hámarkshitastig frárennslis sem renna má um skiljuna þannig að virkni hennar skerðist ekki.

## 6. Ákvörðun heilbrigðisnefndar Suðurlands um útgáfu starfsleyfis

Á 194. fundi Heilbrigðisnefndar Suðurlands þann 27. febrúar sl. var ofangreind starfsleyfisumsókn Lysis hf. tekin til afgreiðslu og ákveðið að starfsleyfi fyrir starfsemina yrði gefið út til 12 ára.

## 7. Kæruleið og kærufrestur

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmæðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málínu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Selfossi, 28. febrúar 2019

F.h. Heilbrigðisnefndar Suðurlands,

*Stella Hrönn*

Stella Hrönn Jóhannsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi